

Ytra mat grunnskóla Grunnskóli Bolungarvíkur

Ytra mat þetta er unnin á vegum Násmatsstofnunar fyrir
mennta- og menningarmálaráðuneytið og sveitarfélagið Bolungarvíkurkaupstað.

Höfundar: Þóra Björk Jónsdóttir og Gunnar Gíslason
© Násmatsstofnun, 2015.

ISBN 978-9935-433-62-6

Efnisyfirlit

Inngangur	7
Markmið og tilgangur	7
Aðferðir og framkvæmd	7
Grunnskóli Bolungarvíkur	9
Bakgrunnur og samfélagslegt umhverfi	9
Stefna skólans	9
Starfsmenn	9
Nemendur	10
Árangur náms	11
Samræmd könnunarpróf	11
Starfstími.	12
Sérfræðiþjónusta	12
Niðurstöður	13
Svið I - Stjórnun.	13
Fagleg forysta	13
Stefnumótun og skipulag	16
Samskipti heimila og skóla	18
Svið II - Nám og kennsla	20
Nám og námsaðstæður	20
Þátttaka og ábyrgð nemenda	23
Námsaðlögun	24
Svið III – Innra mat	26
Framkvæmd innra mats.	26
Umbótastarf í kjölfar innra mats	28
Styrkleikar og tækifæri til umbóta	29
Heimildir.	36

Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Grunnskóla Bolungarvíkur sem fór fram á vorönn 2015. Teknir voru fyrir þrjú fyrirfram ákveðin matsþættir. Þættirnir sem lagt var mat á voru *stjórnun, nám og kennsla og innra mat*.

Stjórnun

Stefna skólans er skýr og er birt á heimasíðu hans. Kennarar þekkja stefnu og einkunnarorð skólans og það gerir hluti foreldra einnig. Starfsmannasamtöl eru tekin við alla starfsmenn tvisvar á skólaári. Umbótaáætlun skólans fyrir árin 2013-2016 liggur fyrir og er hún jafnframt símenntunaráætlun. Þau verkefni sem tilgreind eru í áætluninni miða að því að efla kennara í starfi svo þeir geti mætt ólíkum þörfum og áhuga nemenda betur. Samstarf kennara einkennist í grunnin af jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti. Námið er skipulagt í heildstæðar námslotur sem veita tækifæri til að nemendur geti unnið saman að samþættum viðfangsefnum. Boðið er upp á fjölbreyttar valgreinar sem foreldrar eru ánægðir með. Skilgreining á jákvæðum skólabrag liggur fyrir og mótaðar hafa verið leiðir til að viðhalda honum. Verklagsreglur og viðbrögð við einelti eru til og virka í skólanum. Samstarf við leikskólann eru regluleg og skráð.

Endurgera þarf skipurit skólans og vinna starfslýsingar fyrir öll störf. Tryggja verður að ávallt sé kallað eftir upplýsingum úr sakaskrá þegar starfsmenn eru ráðnir að skólanum. Ljúka þarf við gerð skólanámskrár og starfsáætlunar með aðkomu allra hagsmunaaðila skólasamfélagsins. Tryggja þarf að allir þekki stefnu skólans og einkunnarorð hans og gera þarf þau sýnileg í skólanum með því að halda þeim á lofti í umræðum og kennslu. Æskilegt er að skólastjórnendur fari reglulega í kennslustundir til að fylgjast með námi og kennslu og veiti kennurum endurgjöf. Fagleg forysta þarf að beinast í ríkari mæli að því að fylgja stefnu og samþykktum eftir þannig að þeirra sjái stað í öllum starfsháttum. Setja þarf fram skýra sýn á skólastarfið, hvaða markmiðum stefna skuli að, skilgreina árangurstengd og tímasett viðmið og tilgreina hvernig verður staðið að mati á árangri. Efla þarf samstarf heimila og skóla og formgera það þannig að það verði reglulegur þáttur í starfi skólans.

Nám og kennsla

Við skólann er stefnt að því að allir nemendur séu fullgildir þátttakendur í skólastarfinu án aðgreiningar. Leiðarljós skólans er að skólinn eigi að skapa góðar minningar. Margvísleg vinna hefur verið og er unnin til að stuðla að því. Vel hefur tekist til í ýmsum evrópskum samstarfsverkefnum. Leitast er við að efla árangur nemenda með lestrarátaki sem nær yfir allan skólann. Frammistaða nemenda í 4. bekk á samræmdum prófum er góð og þátttaka í 4. 7. og 10. bekk er góð.

Nemendur á unglíngastigi hafa val og ákveðið frelsi og ábyrgð til að skipuleggja vinnu sína í skólanum. Nemendur fá áætlanir um námsyfirferð til ákveðins tíma. Verið er að þróa val og ábyrgð hjá miðstigs-nemendum að hluta. Aðgengi að tölvum er nokkuð gott. Umsjón og skipulag sérkennslu og stuðnings við nemendur er í höndum fagmenntaðs kennara. Skráð er hvaða skimanir og kannanir gerðar eru við skólann.

Setja þarf fram skólanámskrá sem er uppfærð hvert skólaár, þar sem upplýsingar um nám og kennslu eru settar fram í samræmi við nýja aðalnámskrá. Kennarar þurfa að samræma framsetningu námsvísa og áætlana og gæta þess að grunnþáttum menntunar sé gerð skil í námi nemenda. Nemendur á unglíngastigi eiga að hafa val í námi að lágmarki 20% námstímans. Greina þarf hvað veldur slökum árangri á samræmdum könnunarprófum og setja fram markvissa áætlun um viðbrögð. Fulltrúa nemenda í skólaráð á að kjósa lýðræðislega. Vinna þarf að heimanámsstefnu með nemendum og foreldrum. Samræma þarf upplýsingagjöf frá kennurum til heimila. Huga verður að nýtingu námstíma nemenda í unglíngadeild. Efla ætti samræður og samstarf nemenda um nám. Laga má nám frekar að áhuga og

árangri nemenda. Huga þarf að því að allir nemendur hafi krefjandi verkefni við hæfi. Auka þátttöku nemenda við að setja sér markmið og meta eigin árangur í námi. Styðja þarf betur við nám nemenda með annað móðurmál en íslensku. Æskilegt er að nemendur þegar við á séu með í gerð og endurskoðun eigin einstaklingsnámskrár. Skrá ætti hvernig bregðast eigi við niðurstöðum skimana og kannana.

Innra mat

Mat á námsárangri og framförum nemenda fer fram með reglubundnum hætti. Verið er að nota niðurstöður samræmdra prófa til að fylgjast með og meta árangur í læsi. Þegar aflað hefur verið gagna hefur almennt verið leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli. Þær greinargerðir sem fyrir liggja um innra mat frá árunum 2009 og 2011 eru skýrt fram settar og það sama má segja um umbótaáætlun sem fyrir liggur fyrir árin 2013-2016. Niðurstöður innra mats hafa verið kynntar öllum hagsmunaaðilum. Aðilar skólasamfélagsins nefndu umbætur sem orðið hafa í kjölfar innra mats.

Vinna þarf langtímaáætlun um innra mat sem endurspeglar að allir helstu þættir skólastarfsins verði metnir skipulega. Reglulega þarf að fara fram mat á kennslu og fagmennsku kennara, t.d. með mati skólastjóra og jafningjamati kennara. Gera þarf grein fyrir því hvernig markmið skólans verða metin og skilgreina árangursviðmið með hverju markmiði. Tryggja verðu að allir aðilar skólasamfélagsins verði þátttakendur í umræðum um áherslur og forgangsröðun í innra mati skólans og í kjölfar þess umræðum um þróun og umbætur. Gæta verður þess að greinargerðir og umbótaáætlun séu birtar opinberlega á heimasíðu skólans. Umbótaáætlun þarf að vera tímasett, tryggja þarf að ábyrgð á verkefnum sé skilgreind og hvenær og hvernig árangur verður metinn. Í kjölfarið þarf að fylgja umbótaáætlun kerfisbundið eftir.

Inngangur

Í þessari matskýrslu er fjallað um ytra mat á Grunnskóla Bolungarvíkur. Matið var framkvæmt af Gunnari Gíslasyni og Þóru Björk Jónsdóttur og fór fram á vettvangi á tímabilinu 23.-27. febrúar 2015. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Matið er hluti af samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytis en framkvæmdin er á vegum Námsmatsstofnunar. Matið er byggt á þeim skyldum ríkis og sveitarfélaga sem koma fram í 37. og 38. grein laga um grunnskóla frá 2008.

Í Grunnskóla Bolungarvíkur voru þrjú þættir metnir; stjórnun, nám og kennsla og innra mat. Skóli og sveitarfélag völdu ekki fjórða matsþátt.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er samkvæmt 35. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 að:

1. Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda.
2. Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla.
3. Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum.
4. Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og lögð sérstök áhersla á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla, styðja skóla, stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera skólum hvati til frekari skólaþróunar.

Grundvöllur ytra mats eru viðmið um gæði stjórnunar, náms og kennslu og innra mats. Auk þess geta sveitarstjórnir/skólar óskað eftir mati á fjórða þætti sem í þessu tilfelli var ekki gert. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Áherslur og straumar í skólafélagum sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands voru einnig höfð til hliðsjónar auk *Sameiginlegrar framtíðarsýnar fyrir grunnskólastarfið 2007-2020* (Hrönn Pétursdóttir, 2007). Lítið var til viðmiða í ytra mati víða erlendis, svo sem frá Englandi, Skotlandi, Noregi, Svíþjóð, Þýskalandi og Kanada. Einnig var horft til viðmiða Reykjavíkurborgar í heildarmati á grunnskólum.

Við matið er gengið út frá almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla frá 2011 og greinasviðum frá 2013. Skólar hafa svigrúm til að laga skólastarf sitt að aðalnámskrá til 2015 og einn kaflahluta til 2016, það er kafla 9.4. Þar sem fjallað er um einkunnagjöf með hæfnikvarða sem skilgreindur er með bókstöfum. Matið er því leiðbeinandi og birtist í tillögum til úrbóta sem skólar geta stuðst við í innleiðingu sinni.

Aðferðir og framkvæmd

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um skólann áður en farið var í vettvangsathuganir og rýni-viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gátu ljósi á skólastarfið, ýmist á prenti eða á raf-rænu formi.¹ Þá voru skoðaðar niðurstöður samræmdra prófa undanfarin fimm ár og framfarastuðull þessa árs frá Námsmatsstofnun. Skoðaðar voru úttektir á sjálfsmati skólans sem ráðuneytið lét fara

¹ Skólanámskrá og starfsáætlun, sýnishorn af kennsluáætlunum og námsáætlunum, greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, stundatöflur nemenda, símenntunaráætlun, yfirlit yfir valgreinar, niður stöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta- og menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

fram árin 2003 og 2008 en engar heildar úttektir hafa verið gerðar af hálfu mennta- og menningar- málaráðuneytis undanfarin fimm ár. Fundur til kynningar á matinu var haldinn 23. febrúar 2015 fyrir allt starfsfólk og sveitarstjórn og þá var einnig farið með skólastjóra í skoðunarferð um skólann og tekin viðtöl. Daginn eftir tóku við vettvangsathuganir hjá að lágmarki 70% kennara og þá gafst einnig tækifæri til að spjalla við nemendur. Haldnir voru rýnifundir með kennurum, öðrum starfsmönnum skólans, nemendum, foreldrum og fulltrúum í skólaráði. Þátttakendur í rýnihópum voru allir valdir með slembiúrtaki. Þá var tekið einstaklingsviðtal við skólastjóra og aðstoðarskólastjóra.

Vettvangsathugunin stóð yfir í þrjú daga. Farið var í 22 kennslustundir hjá 11 kennurum og í fjölbreyttum námsgreinum, s.s. stærðfræði, íslensku, samfélagsfræði, náttúrufræði, dönsku, ensku, smíði, íþróttum, sundi, dansi, upplýsingatækni og heimilisfræði. Kennarar vissu hvaða daga matsmaður var væntanlegur í vettvangsheimsókn en ekki í hvaða tíma. Var það gert til að undirstrika að matið eigi að vera á hefðbundnum kennslustundum, ekki sérstaklega undirbúnum vegna matsins. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir hverja kennslustund. Skólastjóri fékk í hendur samfellda lýsingu á hverri kennslustund þar sem einnig voru sérstaklega dregnir fram þættir sem voru til fyrirmyndar og einn sem hugsanlega mætti bæta. Kennurum var boðið að hitta matsmenn í lok hvers dag og fá endurgjöf og nýttu margir kennara sér það.

Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram og að lokinni skólaheimsókn unnu þeir saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Það ber að hafa í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Grunnskóli Bolungarvíkur

Bakgrunnur og samfélagslegt umhverfi

Í Bolungarvík búa um 950 manns². Bolungarvíkurkaupstaður er eitt níu sveitarfélaga á Vestfjörðum og rekur sveitarfélagið einn grunnskóla ásamt leikskóla og tónlistarskóla. Á heimasíðu skólans segir að skólinn leitist við að taka þátt í þeim sérstöku dögum sem lagðir eru til frá ráðuneyti eða skólafirvöldum, en einnig eru sérstakir þemadagar sem tengjast ákveðnum verkefnum. Í samtölum við kennara og stjórnendur og á göngum skólans kemur fram að skólinn hefur tekið þátt í ýmsum evrópskum samstarfsverkefnum. Sundlaug og íþróttahús eru samtengd skólahúsi. Skólamötuneyti er við skólann. Félagsmiðstöð nemenda er nýflutt í húsnæði skólans.

Stefna skólans

Stefna skólans kemur fram á heimasíðu hans:

- að nemendur njóti sín í námi og leik og læri að meta þau tækifæri sem felast í því að fá að mennta sig
- að nemendur skynji möguleika sína og jafnframt réttindi sín og skyldur
- að skólahúsnæðið sé ávallt snyrtilegt og hlýlegt og nemendum og starfsfólki líði vel að starfa þar
- að við skólann starfi vel menntaðir kennarar og þeim verði skapaðar aðstæður og sé ætlaður tími til að sinna því lykilhlutverki sem þeir gegna í skólastarfinu
- að skapa starfsfólki skólans tækifæri til símenntunar
- að starfsfólk sé vakandi yfir nýjum tækifærum fyrir hönd nemenda og skólans og geri þannig skólann virkan í samfélagi íslenskra grunnskóla
- að námsmat sé fastur liður í skólastarfi og beinist að fleiri þáttum en árangri á prófum
- að auka heilbrigði nemenda og starfsfólks. Horft er sérstaklega til íþróttar, útivistar og mataræðis
- að nám nemendanna verði sem heildstæðast og reynt sé að skipuleggja skólastarfið með heildarhagsmuni fjölskyldunnar í huga

Starfsmenn

Starfsmenn eru samtals 31. Stjórnendur eru tveir. Við skólann starfa 18 kennarar í 14,29 stöðugildum, þar eru fjórir án leyfisbréfs og einn stundakennari sem kennir 10 stundir á viku. Skólastjóri er jafnframt sérkennari. Þroskaþjálfari í 50% starfi er í leyfi þetta skólaár. Skólasálfræðingur sem einnig er námsráðgjafi er í 10% starfi. Annað starfsfólk er 13. Um 16% starfsfólksins eru karlmenn.

Núverandi skólastjóri gegndi stöðu aðstoðarskólastóra þar til í vetur er fyrrverandi skólastóri hætti skömmu eftir skólabyrjun. Stöðugleiki hefur verið í starfsmannahópnum í gegnum tíðina og litlar breytingar hafa orðið á kennarahópnum, en meiri meðal almennra starfsmanna, að sögn skólastjóra.

Forfallastundir skólaárið 2013-2014 voru 556, þar af voru 524,5 mannaðar af kennurum en 31,5 felldar niður eða leystar á annan hátt þar sem skólaliðar eða ritari voru með nemendum.³

² <http://www.samband.is/sveitarfelogin/vefdir/bolungarvikurkaupstadur>

³ Upplýsingar frá skólastjóra.

Nemendur

Í skólanum eru 124 nemendur á vorönn 2015. Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum er eftirfarandi:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nemenda	16	20	6	13	16	10	15	10	4	14
Bekkjardeildir	1	1	Samkennsla		1	1	1	1	1	1

Þrjú nemendur fá skilgreinda sérkennslu með einstaklingsnámskrá vegna sérþarfa. Fjöldi nemenda með annað móðurmál en íslensku eru 23. Nemendur eru frá fimm þjóðlöndum. Einn nemandi fær skipulagða kennslu í íslensku sem öðru tungumáli, en fjórir til fimm aðrir nemendur fá kennslu annað slagið. Pólskir nemendur fá aðstoð frá pólskum kennara sem nemur 7,5 stundum á viku. Þeir sem hafa verið minna en tvö ár í skólanum fá fleiri stundir en þeir sem hafa verið lengur.

Árangur náms

Samræmd könnunarpróf

Einn einkunnakvarðiinn sem notaður er við úrvinnslu samræmdra könnunarprófa í grunnskólum landsins byggir á aðlögun stigadreifingar að normaldreifingu. Þessi einkunnakvarði hefur alltaf sama meðaltal og staðalfrávik frá ári til árs og því er hægt að bera saman frammistöðu milli ára og jafnvel milli námsgreina. Kvarðiinn nær frá 0 upp í 60, meðaltalið er 30 og staðalfrávikid tíu.

Samantekt á niðurstöðum 2010-2014

Fjöldi nemenda í árgangi í 4. bekk hefur verið frá nýu í 16 eins og var 2014. Í 7. bekk eru 14 nemendur 2014 en hafa verið frá sex til 18 nemendur og í 10. bekk hefur nemendafjöldi verið milli sjö og 19 en var 13 þegar samræmd könnunarpróf voru tekin 2014.


4. bekkur

Frammistaða sveiflast mikið milli árganga hjá nemendum 4. bekkjar en hefur farið verulega batnandi undanfarin tvö ár. Nú í ár eru nemendur um landsmeðaltal í íslensku og vel yfir í stærðfræði á samræmdum könnunarprófum. Prófpátttaka er góð, um 93% nemenda tóku prófin 2014 og iðulega hefur pátttakan verið 100%.


Frammistaða sveiflast mikið milli árganga hjá nemendum 7. bekkjar. Mikil uppsveifla er í árangri nemenda í stærðfræði þar sem nemendur nú í ár sýna árangur um landsmeðaltal. Pátttaka er almennt góð og oft 100%. Árið 2014 tóku 86% nemenda könnunarpróf í stærðfræði og 93% í íslensku.

Frammistaða sveiflast mikið milli árganga hjá nemendum 10. bekkjar. Árangur nemenda síðustu tvö árin er langt undir landsmeðaltali á öllum þremur greinum sem könnunarprófin taka til. Frammistaða í stærðfræði hefur batnað en er þó verulega undir meðaltali.


Pátttaka er yfirleitt milli 85% og 95%. Árið 2014 tóku allir nemendur í árganginum könnunarpróf í íslensku og 93% í stærðfræði og ensku.



Mynd 1 Meðaltalsárangur nemenda í 4. bekk sl. fimm ár. Punktalínan er landsmeðaltalið og svarta línan sýnir þróunina þessi ár.



Mynd 2 Meðaltalsárangur nemenda í 7. bekk sl. fimm ár. Punktalínan er landsmeðaltalið og svarta línan sýnir þróunina þessi ár.



Mynd 3 Meðaltalsárangur nemenda í 10. bekk sl. fimm ár. Punktalínan er landsmeðaltalið og svarta línan sýnir þróunina þessi ár.

Starfstími

Grunnskóli Bolungarvíkur var settur 21. ágúst 2014 og kennsla hófst daginn eftir. Skólaslit eru 5. júní 2015. Samkvæmt skóladagatali 2014-2015 eru skóladagar nemenda 179 dagar en ekki 180 eins og gert er ráð fyrir í grunnskólalögum. Þar af eru tveir dagar í skólaþvingu og skólaslit. Árhátíðardagur í febrúar er skilgreindur sem tvöfaldur skóladagur nemenda. Þessa tilhögun, að gera ráð fyrir færri en 180 skóladögum, hefur skólasamfélagið samþykkt, þ.e. skólaráð og skólanefnd, til eins árs í senn. Skertir skóladagar sem geta verið allt að 10 eru ekki sérstaklega skilgreindir eða merktir. Þá vekur athygli að starfsdagar kennara fyrir og eftir skólaár nemenda eru 6 en eiga að vera 8. Það þarfnast skýringa.

Vikulegur kennslutími nemenda er samkvæmt viðmiðunarstundaskrá hjá nemendum í 1.-4. bekk, aðeins yfir hjá 5.-7. bekk en mikið undir hjá 8.-10. bekk. Stundaskrá nemenda er skipulögð í 60 mínútna lotum í flestum námsgreinum.

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Mínútur á viku	1190	1210	1200	1200	1370	1420	1440	1320	1440	1440
Samtals	4800				4230			4200		
Viðmiðunarstundaskrá	4800				4200			4400		

Sérfræðiþjónusta

Skólinn fær þjónustu sálfræðings sem metur stöðu nemenda og félagsmálastjóri vinnur einnig með nemendum. Enginn kennslufræðilegur stuðningur er veittur.⁴

⁴ Upplýsingar frá skólastjóra og kennurum.

Framfarir nemenda

Niðurstöður samræmdra könnunarprófa gefa möguleika á að skoða framfarir nemenda milli prófa í 4. og 7. og 7. og 10. bekk.

Framfarir nemenda milli 4. og 7. bekkjar eru slakar í íslensku. Mikill hluti nemenda (58%) sýnir minni framfarir en gerist á landsvísu (23%) og enginn nemandi sýnir meiri framfarir milli ára en almennt gerist. Í stærðfræði sýna hins vegar færri nemendur minni framfarir en gerist almennt. Þar eru þó engir með meiri framfarir en almennt.

Framfarir nemenda milli 7. og 10. bekkjar eru slakar í íslensku. Hærra hlutfall nemenda sýnir minni framfarir en gerist á landsvísu, eða 30% þar sem landshlutfall er 18%, og enginn nemandi sýnir meiri framfarir en almennt gerist. Í stærðfræði sýnir álíka hátt hlutfall nemenda minni framfarir og engir sýna meiri framfarir en almennt á landsvísu.

Niðurstöður

Svið I - Stjórnun

Grunnskóli Bolungarvíkur hefur sett sér skólastefnu og einkunnarorð skólans eru: „Skólinn á að skapa góðar minningar“. Farið var í vinnu í skólanum við að skilgreina jákvæðan skólabrag:

*Við köllum það **skólabrag** þegar við reynum að lýsa því hvernig við viljum hafa andrúmsloftið í skólanum okkar. **Jákvæður skólabragur** einkennist af samheldni, gleði (hlátri), opnum samskiptum, vináttu og virðingu.*

*...Við viljum hafa **jákvæðan skólabrag** þar sem allir eru kurteisir við alla, leika og vinna saman, eru góðir vinir og leggja sig fram um að sinna vinnunni sinni vel, hvort sem það eru nemendur, kennarar eða aðrir starfsmenn.*

*...Við vinnum reglulega að því saman að efla og styrkja **jákvæðan skólabrag**. Það er gert með ýmsu samstarfi milli aldurshópa, með fjölbættum verkefnum sem styrkja við jákvæðni og gleði og þjálfva samskiptahæfni og vináttu. Skipulögð vinnubrögð, ábyrgð og metnaður þurfa líka að einkenna vinnuna.*

Stjórn skólans byggir á því sem fram kemur í lögum um grunnskóla, reglugerðum og aðalnámskrá.

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir í 7. grein:

Við grunnskóla skal vera skólastjóri sem er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, veitir faglega forustu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Skólastjóri stuðlar að samstarfi allra aðila skólasamfélagsins. Skólastjóri boðar til kennarafunda svo oft sem þurfa þykir á starfstíma grunnskóla. Kennarafundi skulu sækja kennarar og aðrir sérfræðingar skólans. Skólastjóri boðar til starfsmannafunda svo oft sem þurfa þykir.

Þá segir í aðalnámskrá grunnskóla: *Skólastjóri í samstarfi við starfsfólk ber ábyrgð á gæðum þess starfs sem fer fram í viðkomandi skóla (kafli 10.1).*

Fagleg forysta

Stjórnandinn sem leiðtogi

Skólastjórnendur leggja áherslu á jákvæð samskipti, fjölbreytta starfshætti, árangur og sveigjanleika í störfum sínum. Stefna skólans er skýr og er birt á heimasíðu skólans. Kennarar þekkja stefnu og einkunnarorð skólans og það gerir hluti foreldra einnig, en aðrir starfsmenn og nemendur þekkja hvorugt. Einkunnarorðin eru ekki sýnileg á veggjum skólans og ekki var hægt að sjá að þeim væri haldið á lofti í umræðum eða kennslu. Skólastjórnendur segjast hvetja kennara stöðugt til að bæta gæði náms og kennslu, fylgjast reglulega með námi og kennslu og veita endurgjöf eftir því sem hægt væri. Þeir sögðust þó ekki fara í kennslustundir til að fylgjast þar með og meta gæði náms og kennslu. Kennarar í rýnihópi sögðu hins vegar að skólastjórnendur skiptu sér lítið af því sem kennarar eru að gera en væru meira í því að bregðast við því sem upp kæmi í skólanum. Kennarar telja því að sérkenni þeirra fái að njóta sín og þeir ráði miklu um það hvernig kennsla og nám eru skipulögð.

Styrkleikar

- Skólastjórnendur sýna einlægan vilja til að auka gæði náms og kennslu og þar með bæta árangur nemenda.
- Samskipti skólastjórnenda við aðila skólasamfélagsins eru almennt jákvæð og uppbyggjandi.

Tækifæri til umbóta

- Kynna stefnu skólans og einkunnarorð betur fyrir öllum hagsmunaaðilum skólasamfélagsins þannig að þau endurspeglar í skólastarfinu.
- Æskilegt væri að skólastjórnendur færu reglulega í kennslustundir til að fylgjast með og meta gæði kennslunnar og veita kennurum markvissa endurgjöf.

Stjórnun stofnunar

Skipurit er sett fram í skólanámskrá sem birt er á heimasíðu skólans. Það endurspeglar stjórnskipan sem var í tíð fyrrverandi skólastjóra og þáverandi aðstoðarskólastjóra en ekki núgildandi fyrirkomulag stjórnunar í skólanum. Velta má fyrir sér staðsetningu fræðsluráðs í þessu skipuriti. Fram kom hjá skólastjórnendum að það er skýr verkaskipting milli þeirra. Sú verkaskipting er mótuð af fyrrverandi skólastjóra sem hætti eftir að skólinn tók til starfa s.l. haust og er því ekki eins og núverandi stjórnendur hefðu viljað hafa hana. Stjórnendur telja sig vinna vel saman og miðla upplýsingum á milli. Starfslýsingar hafa ekki verið lagðar fram og virðast ekki vera til. Ekki liggur fyrir skráning á menntun og sérhæfingu kennara. Reynt er að haga störfum kennara á þann veg að þeir sinni kennslu í samræmi við menntun þeirra og sérhæfingu en það tekst þó ekki að fullu vegna stærðar skólans.

Skólastjóri segist veita kennurum endurgjöf eftir því sem hægt er og hrósa þeim fyrir vel unnin störf. Starfsmenn segjast fá hrós frá stjórnendum en kennarar eru á öðru máli og segjast helst fá hrós frá hverjum öðrum. Starfsmannasamtöl eru tekin við alla starfsmenn tvisvar á skólaári, þar sem ætlaðar eru 30 mínútur í hvert samtal. Ekki liggur fyrir móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn, ekki heldur verklagsreglur um meðferð ágreiningsmála og eineltismála í starfsmannahópnum eða um skjalastjórnun. Jafnréttisáætlun liggur fyrir en í hana vantar nemendahlutann. Fram kom að verið er að vinna að þeim þætti. Allir starfsmenn og einnig verktakar undirrita skjal um trúnað og þagnarskyldu og reglur hafa verið settar um upplýsingagjöf um nemendur og eru þær birtar í skólanámskrá. Fram kom að ekki er kallað eftir upplýsingum úr sakaskrá þegar starfsmenn eru ráðnir til skólans.

Styrkleikar

- Allir starfsmenn fara reglulega í starfsmannasamtal.
- Allir starfsmenn og verktakar undirrita skjal um trúnað og þagnarskyldu.

Tækifæri til umbóta

- Kalla verður eftir upplýsingum úr sakaskrá þegar starfsmenn eru ráðnir að skólanum.
- Endurskoða þarf skipurit skólans svo það endurspeglar gildandi fyrirkomulag stjórnunar í skólanum.
- Semja þarf móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn og verklagsreglur um meðferð ágreiningsmála og eineltismála í starfsmannahópnum.
- Semja þarf verklagsreglur um skjalastjórnun sem unnið verður eftir.

Faglegt samstarf

Í skólanum ríkir það viðhorf að samfélagið eigi að vera lýðræðislegt, starfsmenn og stjórnendur ræða reglulega um áherslur til að koma sér saman um meginviðmið. Kennarar í rýnihópi sögðu að það vantaði heildarmynd á skólastarfið og að samfella í námi nemenda sé ekki nógu góð. Þeir telja að það vanti markvissari vinnu allra að sama marki, það sé byrjað á mörgum góðum og þörfum verkefnum en það vanti þrautseigju til að vinna þau til enda. Þessi verkefni snúast fyrst og fremst um nám og kennslu og samskipti við nemendur. Foreldrar og nemendur eru ekki virkir þátttakendur í þessari vinnu og finnst foreldrum ekki hlustað nægilega mikið á það sem þeir hafa fram að færa, að því er fram kom í rýnihópi þeirra.

Samstarf starfsmanna einkennist í grunninn af jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti. Hins vegar vantar eitthvað upp á traust milli starfsmanna og hóps foreldra.

Kennara- og starfsmannafundir eru boðaðir reglulega með dagskrá, fundargerðir eru ritaðar og birtar á innri vef skólans. Fyrir liggur fundaáætlun fyrir skólaárið/önnina sem nær til alls starfsfólksins.

Samskipti við leikskólann eru regluleg og skráð og gagnkvæmar heimsóknir eru á milli yngstu nemenda grunnskólans og elstu nemenda leikskólans. Hins vegar eru samskipti við framhaldsskólann mjög lítil.

Styrkleikar

- Samstarf starfsmanna og stjórnenda innan skólans einkennist í grunninn af jákvæðum samskiptum.
- Fundir eru haldnir reglulega. Þeir eru boðaðir með dagskrá, fundargerðir ritaðar og birtar á heimasíðu.
- Reglulega er rætt um nám og kennslu og nýrra leiða leitað til að bæta árangur á öllum sviðum skólastarfsins.
- Samskipti við leikskólann eru regluleg og skráð og gagnkvæmar heimsóknir eru milli yngstu nemenda grunnskólans og elstu nemenda leikskólans.

Tækifæri til umbóta

- Efla þarf faglega forystu til að leiða umræðu um skólastarfið til að styrkja það enn frekar.
- Auka þarf þátttöku foreldra og nemenda með formlegum hætti í faglegri umræðu um skólastarfið.
- Fagleg forysta þarf að beinast í ríkari mæli að því að fylgja stefnu og samþykktum eftir þannig að þeirra sjái stað í öllum starfsháttum í skólanum.

Skólaþróun

Nokkuð stöðug umræða er innan skólans um þróun skólastarfsins með hag barna að leiðarljósi. Umræðan og aðgerðir sem hún leiðir af sér þurfa hins vegar að vera markvissari og árangursmiðaðri. Umbótaáætlun skólans fyrir árin 2013-2016 liggur fyrir og er jafnframt símenntunaráætlun skólans. Þessar áætlanir endurspeglar áherslur skólans en ekki hvernig einstaklingar sækja símenntun. Þau verkefni sem tilgreind eru í áætlununum miða að því að efla kennara í starfi svo þeir geti mætt ólíkum þörfum og áhuga nemenda betur. Kennarar eru hvattir til að leita fjölbreyttra leiða til að efla sig í starfi. Stjórnendur hafa forgöngu um innra mat og er áherslan nú lögð á að nýta Skólavogina sem grunn.

Styrkleikar

- Kennarar eru hvattir til að leita fjölbreyttra leiða til að efla sig í starfi.
- Í skólanum hefur verið mikill áhugi á að þróa skólastarfið hjá meirihluta kennara.
- Skólinn hefur tekið þátt í mörgum þróunarverkefnum á undanförunum árum.
- Símenntun kennara miðar að því að efla þá í starfi.
- Umbótaáætlun skólans fyrir árin 2013-2016 liggur fyrir og er jafnframt símenntunaráætlun skólans.

Tækifæri til umbóta

- Umræður innan skólans um þróun skólastarfs þurfa að vera markvissari og árangursmiðaðri en nú er.
- Setja þarf fram skýra sýn á skólastarfið, hvaða markmiðum stefna skuli að, skilgreina árangurs- tengd og tímasett viðmið og tilgreina hvernig staðið verður að mati á árangri.
- Fækka mætti þróunarverkefnum sem eru í gangi hverju sinni og beina athyglinni að fáum en mikilvægum verkefnum.
- Í símenntunaráætlun þarf að koma fram hvernig einstaklingar eiga að sækja endurmenntun.

Stefnumótun og skipulag

Starfsáætlun og skólanámskrá

Eiginleg starfsáætlun er ekki til, en fyrir liggja drög að starfsáætlun sem er í vinnslu. Einstakir hlutar hennar, s.s. skóladagatal er á hverju ári lagt fyrir skólaráð og fræðslumála- og æskulýðsráð. Þær upplýsingar og skjöl sem eru til og tilheyra starfsáætlun samkvæmt skilgreiningu eru uppfærð árlega með aðkomu kennara en ekki annarra starfsmanna. Á heimasíðu skólans er birt skólanámskrá skólans sem er frá árinu 2012. Þessi skólanámskrá uppfyllir ekki viðmið aðalnámskrár þar sem þar eru t.d. ekki sett fram markmið náms í ljósi ákvæða aðalnámskrár. Þá virðist skólanámskráin ekki hafa verið staðfest í fræðslu- og æskulýðsráði, en sjá má að handbók kennara var kynnt fyrir fræðslumála- og æskulýðsráði á fundi 25. september 2009. Af því sem fram kom hjá kennurum og stjórnendum virðist þetta skjal ganga undir heitinu handbók. Í gangi er vinna við að semja nýja skólanámskrá en sú vinna er sögð ganga hægt. Starfsmenn koma allir að vinnu við skólanámskrána en ekki foreldrar og nemendur. Kennarar ásamt stjórnendum bera hitann og þungann af vinnunni.

Skóladagatal uppfyllir ekki alveg viðmið um árlegan starfstíma yfirstandandi skólaár. Stafar það af því að skólastarf gat ekki hafist á réttum tíma vegna framkvæmda við kennslurými sem drógust á langinn. Almennt uppfyllir skóladagatal viðmið að því undanskyldu að árshátíðardagurinn er talinn tvöfaldur skóladagur en það er samþykkt af samfélaginu. Skertir dagar eru ekki tilgreindir sérstaklega en þeir mega mest vera 10. Þá má velja því upp hvort það sé eðlilegt að telja skólasetningardag og skólaslitasdag sem skerta nemendadaga og einnig fulla starfsdaga kennara. Skertur nemendadagur hefur það ekki í för með sér að vinnutími kennara skerðist.

Styrkleikar

- Vinna er hafin við að semja skólanámskrá og starfsáætlun.

Tækifæri til umbóta

- Ljúka þarf við gerð skólanámskrár með aðkomu allra hagsmunaaðila skólasamfélagsins.
- Gera þarf starfsáætlun fyrir skólann.
- Tryggja þarf að skóladagatal uppfylli ákvæði laga og reglugerða.

Skóladagur nemenda

Skóladagur nemenda er heildstæður og vikulegur námstími er í samræmi við viðmiðunarstundaskrá í 1.-4. bekk, en það vantar 30 mínútur upp á að námstími nemenda í 5.-7. bekk sé í samræmi við viðmiðunarstundaskrá. Þá er ljóst að námstími nemenda í 8.-10. bekk nær ekki viðmiði, vantar 200 mínútur (sjá töflu bls. 12) og val nemenda nær ekki viðmiði heldur sem hlutfall kennslustunda en það á að vera 20%.

Stundaskrá nemenda er samfelld og dreifist jafnt á daga. Hún er með eðlilegum hléum þannig að vinnuálag miðast við aldur nemenda og þroska. Námið er skipulagt í heildstæðar vinnulotur sem veita tækifæri til að nemendur geti unnið saman að samþættum viðfangsefnum, ef vill. Boðið er upp á fjölbreyttar valgreinar sem gefa nemendum tækifæri til að dýpka þekkingu á áhugasvið þeirra. Foreldrar eru ánægðir með fjölbreytni valsins og telja það í góðu lagi. Nám nemenda utan skóla er metið til valgreina.

Styrkleikar

- Skóladagur nemenda er heildstæður og samfelldur.
- Boðið er upp á fjölbreyttar valgreinar sem ánægja er með.

Tækifæri til umbóta

- Vikulegur námstími nemenda á öllum stigum á að vera í samræmi við viðmiðunarstundaskrá.
- Auka mætti samþættingu náms til að gera nám nemenda heildstæðara og merkingarbærara.
- Val nemenda um námsgreinar og námssvið þarf að vera 20% af námstíma nemenda í 8.-10. bekk.

Verklagsreglur og áætlanir

Skólastjóri hefur skilgreint jákvæðan skólabrag og mótað leiðir til að viðhalda honum og kynnt það á kennarafundi. Aðrir hagsmunaaðilar komu ekki að þeirri vinnu. Skólareglur eru birtar í skólanámskrá á vef skólans. Þær eru jákvæðar og viðbrögð við agabrotum lausnamiðuð. Allir aðilar skólasamfélagsins þekkja skólareglurnar en ekki vita allir hvar þær er að finna. Fram kom að flestir telja að það þurfi að endurskoða þær, þar sem þær þykja ekki nógu skýrar og sumir segja úreltar, en nemendur telja þær sanngjarnar. Forvarnaáætlun liggur fyrir. Verklagsreglur og viðbrögð við einelti í nemendahópnum liggja fyrir og farið er eftir þeim. Áætlun um sérkennslu og stuðning hefur verið unnin og unnið er eftir henni. Gerð hefur verið áætlun um kannanir og skimanir sem lagðar eru fyrir nemendur til að finna þá sem þurfa námsaðstoð. Móttökuáætlanir fyrir nýja nemendur og nemendur með annað móðurmál en íslensku eru til en ekki virkar. Móttökuáætlun fyrir nemendur með sérstakar þarfir hefur ekki verið gerð.

Styrkleikar

- Skilgreining á jákvæðum skólabrag liggur fyrir og mótaðar hafa verið leiðir til að viðhalda honum.
- Áætlun um sérkennslu og stuðning hefur verið unnin og unnið er eftir henni.
- Forvarnaáætlun og verklagsreglur og viðbrögð við einelti liggja fyrir og farið er eftir þeim.
- Móttökuáætlanir fyrir nýja nemendur og nemendur með annað móðurmál en íslensku eru til.

Tækifæri til umbóta

- Virkja þarf stefnu um jákvæðan skólabrag í öllu skólastarfi.
- Skólareglur þarf að endurskoða með aðkomu allra hagsmunaaðila í skólasamfélaginu.
- Vinna þarf eftir móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku.
- Gera þarf móttökuáætlun fyrir nemendur með sérstakar þarfir.

Samskipti heimila og skóla

Skólaráð, foreldrafélag

Skólaráð starfar við skólann en fundar ekki reglulega. Skólaráð hefur ekki komið saman á árinu 2014 og ekki það sem af er árinu 2015. Það hefur ekki sett sér starfsáætlun og vinnureglur. Skólastjóri vinnur með skólaráði og boðar til funda. Fulltrúar í skólaráði eru flestir valdir lýðræðislega úr sínum hópi en skólastjóri velur fulltrúa nemenda. Fulltrúar foreldra eiga sér bakland í foreldrafélaginu. Fundir skólaráðs eru boðaðir með dagskrá, fundargerðir eru ritaðar en þær eru ekki aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Stjórnendur funda ekki með stjórn foreldrafélags en foreldrar geta fengið aðstöðu í skólanum til að funda.

Að mati rýnihóps kennara eru foreldrar ekki nógu virkir í samstarfi og mæta ekki vel á fundi sem skólinn eða foreldrafélagið standa fyrir, sér í lagi foreldrar úr hópi innflytjenda, og voru ýmsar ástæður nefndar fyrir því. Foreldrar í rýnihópi nefndu að þeim finnst þeir ekki vera virkir þátttakendur þar sem þeir fá ekki kynningu á breytingum á skólaskipulagi og finnst ekki tekið tillit til sjónarmiða sinna eða hugmynda sem fram eru lagðar. Í umbótaáætlun skólans kemur fram að eitt af verkefnum ársins sé að vinna að því að auka samstarf skólans við foreldra og nærsamfélagið, t.d. með því að funda reglulega með stjórn foreldrafélagsins. Í fundargerð fræðslumála- og æskulýðsráðs sem er dagsett 20. febrúar 2012 er því fagnað að stofnað hefur verið foreldrafélag við grunnskólann. Það virðist því ekki vera löng hefð fyrir starfsemi foreldrafélags í skólanum.

Styrkleikar

- Skólaráð og foreldrafélag starfa við skólann.
- Vilji er hjá foreldrum og stjórnendum skólans til að efla starf og samskipti foreldra og skóla.

Tækifæri til umbóta

- Efla þarf starfsemi skólaráðs, setja því vinnureglur og gera starfsáætlun.
- Kjósa á fulltrúa nemenda í skólaráð með lýðræðislegum hætti.
- Birta þarf fundargerðir skólaráðs og aðrar upplýsingar um það á heimasíðu skólans.
- Koma þarf á formlegum samskiptum foreldrafélags og stjórnenda skólans.
- Auka þarf aðkomu foreldrafélags og skólaráðs að stjórnun skólans með formlegum hætti.

Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun

Í skólanámskrá frá 2012, sem finna má á heimasíðu skólans, er ítarlegt yfirlit yfir samstarf skóla og foreldra og hlutverk skýrð. Í drögum að starfsáætlun er stuttur kafli um samstarf foreldra og skóla en sú umfjöllun mætti vera ítarlegri. Þar er lögð áhersla á mikilvægi góðs og öflugss samstarfs foreldra og skóla til að stuðla að betri skóla og aukinni velferð nemenda. Í umbótaáætlun er lögð áhersla á að efla samstarf við foreldra og gagnkvæmt upplýsingaflæði. Í rýnihópi foreldra kom fram að efla þarf traust til skólans, bæta samskipti og samráð um það sem betur má fara eða verið er að breyta í skólastarfinu. Í máli kennara og stjórnenda kom einnig fram að samskipti milli skóla og foreldra þarf að bæta og efla. Þeir telja að viðhorf til skólans megi í mörgum tilvikum vera jákvæðara og að því þurfi að vinna.

Foreldrar eru boðaðir í viðtöl tvisvar á ári þar sem farið er yfir námsárangur og annað sem að nemendum snýr. Foreldrar í rýnihópi sögðu að umsjónarkennarar væru ekki alltaf með upplýsingar frá sérgreinakennurum við hendina í foreldraviðtölum en töldu að þær upplýsingar sem fram kæmu í viðtölunum væru almennt leiðbeinandi. Það kom einnig fram í rýnihópnum að upplýsingagjöf frá kennurum er afar mismunandi. Sumir kennarar standa sig afar vel en aðrir veita litlar eða engar upplýsingar. Kallað var eftir skýrri heimanámsstefnu í skólanum í rýnihópi foreldra. Skipulagðar foreldraheimsóknir voru áður liður í reglulegu skólastarfi en eru það ekki lengur. Foreldrar og starfsmenn í rýnihópnum sögðu aðkallandi að endurnýja heimasíðu skólans því hún þjóni ekki lengur hlutverki sínu. Foreldrar telja að almennt sé tekið fljótt á málum sem upp koma vegna samskipta eða annarra mála. Það kom þó fram í rýnihópi þeirra að ef mál snúa að starfsmönnum mætti sú vinna vera skilvirkari. Skólastjóri tók fram í viðtali að ef slík mál koma upp sé boðað til fundar með aðilum, málið rætt opinskátt og ætlast til að úrbætur séu gerðar.

Styrkleikar

- Foreldrar vita hvert þeir eiga að snú sér ef þá vantar upplýsingar frá skólanum eða vilja koma ábendingum á framfæri.
- Til er ítarlegt yfirlit um samskipti foreldra og skóla og hlutverk beggja aðila.

Tækifæri til umbóta

- Efla þarf samstarf heimila og skóla og formgera það þannig að það verði reglulegur þáttur í starfi skólans.
- Samræma þarf upplýsingagjöf frá kennurum og móta skýra stefnu um hvernig standa skal að upplýsingagjöf til foreldra.
- Auka þarf þátttöku foreldra í námi barna sinna með formlegum hætti og móta stefnu um heimanám.
- Endurskoða þarf heimasíðu skólans þannig að hún þjóni betur hlutverki sínu sem upplýsingaveita fyrir skólann.

Svið II - Nám og kennsla

Leiðarljós skólans, Skólinn á að skapa góðar minningar, birtist á heimasíðu skólans og í stefnuyfirlýsingu um jákvæðan skólabrag.

Kennarar og hluti foreldra í rýnihópum nefndu þetta sem einkunnarorð skólans. Í skólanum voru einkunnarorðin ekki áberandi en ýmis tilmæli, myndir og skilaboð eru á veggjum um samskipti.

Hver árgangur er með sinn umsjónarkennara en samkennsla er hjá 3. og 4. bekk og nemendur í unglingadeild eru mikið saman í námi og kennslu. Kennsla fer fram í 60 mínútna lotum hjá öllum árgöngum og í flestum námsgreinum. Frímínútur eru hafðar á misjöfnum tíma hjá yngri og eldri nemendum. Kennslustundir hjá nemendum í 8.-10. bekk eru að hluta til skipulagðar með því sem nefnt er *vinnustundir* þar sem nemendur vinna við námið eftir eigin áætlunum en kennarar eru til staðar. Í þessum stundum ráða nemendur hvaða námsgreinar þeir einbeita sér að. Í íslensku, stærðfræði, dönsku, enska, og náttúrufræði er fastur kennslutími nemenda 120 mínútur á viku en klukkustund á viku í samfélagsfræði. Nemendur í 6. bekk skipuleggja sjálfir hluta af námstíma sínum með sérstöku valblaði. Valtímar nemenda elstu bekkja eru samkvæmt stundaskrá þrjár klukkustundir á viku (180 mínútur) en eiga að vera minnst 20% af tíma þeirra eða um fimm klukkustundir.

Nám og námsaðstæður

Inntak og árangur

Í rýnihópi kennara og í viðtölum við stjórnendur kom fram að verið er að vinna við endurskoðun skólanámskrár. Opinberar upplýsingar um nám og kennslu eru ekki settar skipulega fram á heimasíðu skólans og skólanámskrá er ekki í samræmi við kröfur aðalnámskrár. Grunnþáttur menntunar er ekki gerð sérstök skil í áætlunum. Hjá foreldrum kom fram að þeir nýta ekki markvisst upplýsingar um nám og kennslu í Mentor-kerfinu og telja sig ekki hafa fengið kynningu á notkun þess.

Áhersla er á að veita fjölbreyttum hæfileikum gaum, svo sem með því að veita margskonar viðurkenningar og að allir séu með hlutverk við viðburði sem tengjast skólastarfi. Skólinn hefur tekið þátt í mörgum evrópskum samstarfsverkefnum og unnið til verðlauna þar.

Frammistaða sveiflast mikið milli árganga nemenda í samræmdum könnunarprófum undanfarinna ára. Hjá nemendum 4. bekkjar hefur hún farið batnandi og er nú um og yfir landsmeðaltali. Mikill munur er á árangri í stærðfræði og íslensku hjá 7. bekk þar sem nemendur sýna góðan árangur í stærðfræði en mjög slakan í íslensku. Slakastur árangur er einnig í íslensku hjá nemendum í 10. bekk en þar hefur árangur í stærðfræði batnað eins og hjá öllum árgöngum.

Prófpátttaka er iðulega góð og 2014 þreyttu á bilinu 86% til 100% nemenda prófin, misjafnt eftir árgöngum og fögum.

Framfarir nemenda milli 4. og 7. og 7. og 10. bekkjar eru yfir heildina slakar í íslensku og enginn nemandi skólans sýnir meiri framfarir en almennt gerist, ekki heldur í stærðfræði.

Í ljósi þessara niðurstaðna og þegar horft er til þess að við skólann er nærri 20% nemenda af erlendu bergi, er umhugsunarvert að aðeins einn nemandi hefur fengið kennslu í íslensku sem öðru tungumáli.

Styrkleikar

- Stefnt er að þátttöku allra í skólastarfinu.
- Skólinn hefur tekið þátt í evrópskum samstarfsverkefnum og tekist vel til.

- Þátttaka nemenda í samræmdum könnunarprófum er góð.
- Frammistaða nemenda í 4. bekk á samræmdum prófum er góð.

Tækifæri til umbóta

- Setja þarf fram upplýsingar um nám og kennslu á skilmerkilegan hátt.
- Skólanámskrá á að vera uppfærð 2015.
- Gera þarf grunnþáttum menntunar skil í skólanámskrá og þeirra á að gæta í áætlunum og námsvísunum.
- Kynna þarf notkun á Mentor markvisst fyrir foreldrum.
- Efla verður árangur nemenda í íslensku.

Skipulag náms og námsumhverfi

Námsvísar og kennsluáætlanir byggja á eldri aðalnámskrá sem fellur úr gildi 2015. Áætlanir um nám og kennslu eru ekki opinberar og birta ekki viðmið um hæfni. Nemendur á unglingsstigi hafa val um hvenær þeir vinna að ákveðnum námsgreinum í vinnustundum en val þeirra um námsgreinar nær ekki fimmtungi námstímans.

Ekki var mikið um samvinnu og samræður nemenda um nám í þeim kennslustundum sem matsmenn heimsóttu. Í 77% vettvangsathugana voru nemendur að vinna einir að verkefnum en skipulögð hópverkefni voru í tveimur stundum.

Lestraráttak er við skólann sem byggir á að hvetja til aukins lesturs allra og að prófa í lestri með vissu millibili. Nemendur eru með áætlanir um yfirferð í námi fyrir hverja viku og fram kom í rýnihópi nemenda að þeir „sjá fram í tímann“ með lengri kennsluáætlunum. Nemendur sögðu þetta gott því þá þyrfti ekki alltaf að spyrja kennara hvað ætti að gera og þeir geti skipulagt sig sjálfir.

Heimanám ræðst af vinnu í skólanum og byggir á áætlun sem kennarinn setur fram. Nemendur taka ekki þátt í gerð áætlana. Umfang og skipulag heimanáms er misjafnt eftir kennurum að mati foreldra sem nefndu að það vantaði heimanámsstefnu við skólann. Kennarar í rýnihópi nefndu einnig að ekki væri samstaða í kennarahópnum um heimanám.

Samstarf milli leik- og grunnskóla er skráð og virkt. Einnig er skráð hvert samstarfið er við Menntaskólann á Ísafirði en þau samskipti eru lítil.

Styrkleikar

- Nemendur á unglingsstigi geta valið um hvenær þeir vinna að ákveðnum verkefnum.
- Nemendur eru með áætlanir í námi.
- Samstarf milli skólastiga er skráð og samstarf við leikskóla er virkt.

Tækifæri til umbóta

- Áætlanir um kennslu og nám þarf að uppfæra á þessu ári svo þær séu samkvæmt nýrri aðalnámskrá.
- Tryggja þarf að hlutfall valtíma á unglingsstigi sé að lágmarki 20% námstímans.
- Efla ætti samræður og samstarf nemenda um nám.
- Vinna þarf að heimanámsstefnu skólans í samvinnu við foreldra og nemendur.

Kennsluhættir og gæði kennslu

Kennslustundir sem matsmenn sátu voru mjög misjafnar, sumar einkenndust af mikilli fagmennsku en aðrar voru fremur óskipulagðar og tíminn illa nýttur. Í 90% stundanna sem matsmenn mátu var um beina yfirfærslu að ræða sem byggja á að kennarinn er fyrst og fremst að miðla efni, staðreyndum og hugtökum. Kennsluathafnir eru að útskýra, sýna og spyrja. Að mati kennara í rýnihópi eru fjölbreyttir kennsluhættir að vissu marki og einnig var nefnt að umhverfi væri nýtt til kennslu, t.d. fjaran og skógur. Kennarar sögðu að nú að lokinni árshátíð væri „vinnutími“ einkennandi.

Í nokkuð mörgum kennslustundum þar sem nemendur voru að vinna einir að verkefnum í bókum, kom fyrir að hluti nemenda var óvirkur hluta tímans með hönd á lofti að bíða eftir að fá aðstoð kennara eða fullvissu um að þeir væru að gera rétt.

Fyrirkomulag á þeim tíma sem nefnist *vinnustund* hjá unglिंगadeild virtist, að því er matsmenn fengu séð, frekar óskipulagt og tími nemenda á stundum illa nýttur.

Nemendur eru með yfirferðaráætlun til lengri og skemmri tíma en kennarar gerðu almennt ekki grein fyrir hver voru markmið náms nemenda hverju sinni.

Nemendur hafa aðgang að tölvum á vinnusvæði og í tölvustofu. Upplýsingatækni var nýtt til náms eða kennslu í fáum stundum.

Styrkleikar

- Nemendur hafa nokkuð góðan aðgang að tölvum.
- Kennara sýna flestir fagmennsku í starfi.
- Umhverfið er nýtt til náms og kennslu.

Tækifæri til umbóta

- Skipuleggja þarf kennslu og vinnubrögð nemenda þannig að ekki séu margir verklausir til lengri eða skemmri tíma.
- Skoða betur nýtingu námstímans hjá unglिंगadeild.
- Huga að samræmdum vinnubrögðum hjá kennurum.

Námshættir og námsvitund

Í mörgum metnum kennslustundum voru nemendur að fást við sama efni en að hluta til ekki á sama tíma. Nemendur hafa val um hvenær þeir fást við ákveðin verkefni eða námsgreinar innan rammans sem nefnist vinnustund. Á miðstigi er einnig val um hvenær viðfangsefni eru unnin. Val um mismunandi verkefni eða námsaðferðir sást almennt ekki í námi nemenda. Nemendur nýttu upplýsingatækni að einhverju marki. Námi nemenda virtist ekki taka mikið mið af áhuga þeirra. Hjá rýnihópum kom fram að hópurinn er yfirleitt með sömu áætlun og gert er ráð fyrir að þeir séu að fást við það sama. Nemendur í rýnihópi töldu námið almennt ekki krefjandi og töldu sig geta gert meira en af þeim er krafist nú. Greining á árangri á samræmdum prófum gefur tilefni til að huga þurfi einnig að þeim nemendum sem standa vel að vígi í námi með krefjandi námsframboði.

Styrkleikar

- Nemendur hafa vaxandi ábyrgð á að skipuleggja námstímann í skólanum.
- Verið er að þróa val hjá nemendum miðdeildar að hluta.

Tækifæri til umbóta

- Laga nám frekar að áhuga og árangri nemenda.
- Huga að því að allir nemendur fái krefjandi verkefni við hæfi.

Þátttaka og ábyrgð nemenda

Lýðræðisleg vinnubrögð

Samskiptin í skólasamfélaginu er jákvæð og einkennast alla jafna af virðingu. Fram kom hjá foreldrum að óánægju gætti með samskipti ákveðinna starfsmanna við nemendur. Nemendur telja sig geta komið skoðunum sínum á framfæri og segjast fara beint til skólastjóra. Hjá nemendum kom fram að það fari eftir kennurum hvort samræðutímar eða bekkjarfundir séu þar sem rætt er um skipulag náms og kennslu eða annað er snýr að fyrirkomulagi skólastarfs. Sjórnarmiða nemenda er aflað með ýmsum könnunum og í haust var Skólapúlsinn tekinn upp. Hjá rýnihópi nemenda kom fram að þeir taki „fullt af könnunum“ en er sjaldan kynnt hvað kemur út úr þeim. Nemendur nefndu að aðstaða hafa batnað í unglingsdeild. Nemendur í rýnihópi sögðu að kosið hafi verið í nemendaráð en könnuðust ekki við skólaráð eða að nemendur ættu þar fulltrúa. Hjá stjórnendum kom fram að nemendafulltrúar í skólaráð hafi verið „handvaldir“.

Styrkleikar

- Nemendur eiga greiðan aðgang að skólastjóra.
- Sjórnarmiða nemenda er aflað með könnunum.

Tækifæri til umbóta

- Koma á skipulögðum fundum þar sem nemendur ræða um nám og námsumhverfi.
- Kynna skólaráð fyrir nemendum.
- Kjósa á fulltrúa nemenda lýðræðislega í skólaráð.
- Kynna nemendum niðurstöður kannana og ákvarðanir sem tengjast þeim.

Ábyrgð og þátttaka

Nemendur koma almennt vel fram og sýna tillitsemi. Nemendur eru með námsáætlanir og þekkja þar yfirferðarmarkmið til skemmri og lengri tíma. Í rýnihópum kennara og nemenda kom fram að almennt setja nemendur sér ekki markmið sjálfir í námi eða hafa áhrif á áætlun sína í námi. Fram kom þó að á yngri stigum hafi nemendur tekið þátt í að setja sér markmið um hegðun. Markmið eru fyrst og fremst sett með nemendum ef þeir þurfa að bæta sig. Foreldrar í rýnihópi sögðust fá ágætar upplýsingar um frammistöðu barna sinna með foreldraviðtölum en fyrir komi að upplýsingar skorti frá öðrum kennurum en umsjónarkennurum. Aðrar upplýsingar til foreldra um skólastarfið fara alfarið eftir kennurum og geti verið frá því að vera frábærar í að vera mjög stopular.

Viðmið um árangur eru ekki skráð og ekkert kom fram sem bendir til að nemendur taki þátt í að meta eigin vinnu eða þjálfist í sjálfsmati.

Styrkleikar

- Framkoma nemenda er góð og innan hópsins er tillitssemi og samstaða.
- Nemendur bera ábyrgð á eigin hegðun.
- Nemendur bera vissa ábyrgð á eigin námi með áætlunum.

Tækifæri til umbóta

- Huga að leiðum til að auka þátttöku nemenda við að setja sér markmið í námi.
- Auka aðkomu nemenda að sjálfsmati með því að setja fram viðmið um árangur.
- Samræma upplýsingagjöf frá kennurum og skóla til foreldra og nemenda.

Námsaðlögun

Nám við hæfi allra nemenda

Skólinn er án aðgreiningar með aðgengi og rými sem ætlað er til að skapa öllum nemendum námstækifæri og möguleika á þátttöku. Skólabragur einkennist af áherslu á að öllum líði vel eins og fram kemur í einkunnarorðunum *Skólinn á að skapa góðar minningar*. Námsframboð er lagað að þörfum einstaka nemanda en almennt eru flestir nemendur að fást við það sama í námshópnum eða bekknum. Í skólanum er hátt hlutfall nemenda af erlendu bergi en lítið er um kennslu í íslensku sem öðru tungumáli eða sérstaka íslenskukennslu. Stuðningsfulltrúar voru í um helmingi af metnum kennslustundum. Þeir eru mjög misvirkir, sumir styðja vel við nám nemenda en aðrir taka lítinn sem engan þátt í því sem fram fer í kennslustundinni.

Styrkleikar

- Lögð er áhersla á að öllum líði vel í skólanum.
- Námsframboð er lagað að þörfum nemenda með miklar sérþarfir.

Tækifæri til umbóta

- Skipuleggja þarf störf stuðningsfulltrúa í kennslustundum þannig að þau nýtist vel.
- Tryggja þarf að bráðgerir nemendur fá verkefni við hæfi.
- Styðja betur við nám nemenda með annað móðurmál en íslensku.

Stuðningur við nám

Fram kemur í drögum að starfsáætlun að skólastjórnendur meti þörf fyrir sérkennslu og stuðning hverju sinni. Þar er einnig getið um eðli og tilhögun sérkennslu. Sérkennsla er skipulögð af umsjónarkennara með sérkennara. Við skólann er sérstakt rými sem nefnist Ömmustofa þar sem sérkennsla er sinnt ef þarf utan kennsluáðstæðna almennt. Þangað geta nemendur einnig leitað ef þeir vilja nærði við nám sitt. Stuðningur við nám fer þó að mestu fram í námsaðstæðum hvers bekkjar eða námshóps

með viðbótarmönnun eða sérkennari kemur til aðstoðar. Umsjón og ábyrgð á sérkennslu og stuðningi er í höndum fagmenntaðs starfsmanns. Nemendur sem fá sérstakan stuðning og sérkennslu eru með einstaklingsnámskrá sem unnin er af umsjónarkennara og sérkennara og foreldrar koma einnig að gerð og samþykkt hennar. Nemendur eru ekki með í gerð einstaklingsnámskrá. Til er skráð yfirlit yfir kannanir og skimanir til að fylgjast með námsframvindu nemenda en ekki er skráð hvernig eigi að bregðast við niðurstöðum. Viðmælendur töldu flestir að betur mætti standa að því að bregðast við námsþörfum nemenda sem skara fram úr og efla fjölbreytt námstækifæri.

Styrkleikar

- Umsjón og skipulag sérkennslu og stuðnings við nemendur er í höndum fagmenntaðs kennara.
- Nemendur geta leitað í næði ef þeir vilja vinna við aðrar aðstæður en í bekkjarumhverfi.
- Almennt er stuðningur í bekkjaraðstæðum nemenda.
- Umsjónarkennarar vinna að gerð einstaklingsnámskrá með sérkennara.
- Skráð yfirlit er til yfir kannanir og skimanir sem gerðar eru við skólann.

Tækifæri til umbóta

- Hafa nemendur með í gerð og endurskoðun einstaklingsnámskrár þegar við á.
- Skrá hvernig skuli bregðast við niðurstöðum skimana og kannana.
- Huga að námsþörfum bráðgerra nemenda.

Svið III – Innra mat

Framkvæmd innra mats

Í drögum að starfsáætlun skólans kemur eftirfarandi fram um innra mat:

„Á hverju skólaári eru gerðar þrjár kannanir. Fyrir jól taka nemendur í 5.-10. bekk könnun og eftir jól foreldrar og svo kennarar. Viðfangsefni kannananna hjá foreldrum og nemendum er svipað. Spurt er um stjórnun, samskipti, kennslu, líðan nemenda, aðstöðu nemenda, agamál, próf/námsmat, heimanám, einelt, mötuneyti og dægradvöl. Í kennarakönnuninni er spurt um stjórnun, samskipti við stjórnendur og aðra samstarfsmenn, aðbúnað, líðan á vinnustað og endurmenntun kennara.

Skólinn er nú í fyrsta sinn að nýta Skólapúlsinn, nemendur eru búnir að taka sína könnun, foreldrakönnunin er næst á dagskrá. Stefnt er á að niðurstöður þessara kannanna verði sýnilegar á nýrri heimasíðu.“

Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi

Í skólanámskrá sem birt er á heimasíðu skólans er ekki gerð grein fyrir innra mati en gerð er grein fyrir innra mati í óbirtri starfsáætlun skólans. Ekki liggur fyrir langtímaáætlun um innra mat og ekki heldur fyrir yfirstandandi skólaár. Ekki kemur fram hverjir bera ábyrgð á innra mati. Innra mat er ekki hluti af daglegu starfi kennara og annarra starfsmanna. Fram kemur í viðtölum að formlegt mat á námi og kennslu fer ekki fram með reglubundnum hætti. Mat á námsárangri og framförum nemenda fer fram reglulega með einhverjum hætti.

Styrkleikar

- Aðilar skólasamfélagsins gera sér grein fyrir því að þennan þátt þarf að styrkja og bæta.

Tækifæri til umbóta

- Vinna þarf langtíma áætlun um innra mat sem endurspeglar að helstu þættir skólastarfsins verði metnir.
- Skipuleggja þarf framkvæmd innra matsins og hverjir muni bera ábyrgð á því hverju sinni.
- Reglulega þarf að fara fram mat á kennslu og fagmennsku kennara, t.d. með mati skólastjóra og jafningjamati kennara.

Innra mat er markmiðsbundið

Innra mat er ekki virkt og er því ekki notað til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðum er náð. Það sem kemur fram í óbirtri starfsáætlun um innra mat nær ekki til þess hvernig námsmarkmið skólans verða metin. Leiðir að markmiðum, s.s. verkefni, aðgerðir, áætlanir og verkferlar, eru aðeins að hluta til skilgreind sem hluti af innra mati. Ekki eru skilgreind viðmið um þann árangur sem að er stefnt.

Tækifæri til umbóta

- Gera þarf grein fyrir því hvernig markmið skólans verða metin.
- Leiðir að markmiðum þarf að skilgreina sem hluta af innra mati
- Skilgreina þarf árangursviðmið með hverju markmiði.
- Innra mat byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum

Í skýrslum um innra mat frá árunum 2009 og 2011 kemur fram að notaðar hafa verið fjölbreyttar aðferðir við að afla gagna og þessar aðferðir hafa hæft viðfangsefninu hverju sinni. Í þeim gögnum sem fyrir liggja virðist sem fyrst og fremst séu stuðst við rafrænar skoðanakannanir við innra matið. Fram kom hjá kennurum að verið er að nota niðurstöður samræmdra prófa til að fylgjast með og meta árangur í læsi. Skólinn er í sérstöku verkefni til að efla og bæta læsi allra nemenda, sem virðist vera að skila árangri miðað við síðustu niðurstöður. Að öðru leyti verður ekki séð að kennarar séu að nýta sér niðurstöður prófa með markvissum hætti, t.d. í unglingadeild. Fram kom í viðtölum það sjónarmið að samræmd próf séu ekki að mæla rétta og mikilvæga þætti. Ekki kom fram hvort eða hvernig niðurstöður PISA eru nýttar til að bæta árangur nemenda.

Styrkleikar

- Fjölbreyttar aðferðir hafa verið nýttar við að afla gagna í innra mati.

Tækifæri til umbóta

- Gæta þarf þess að gagna verði í framtíðinni aflað með fjölbreyttum hætti og með aðferðum sem hæfa viðfangsefni hverju sinni.
- Nýta betur niðurstöður ytra mats, s.s. samræmdra prófa og PISA, til að leita leiða til að bæta námsárangur nemenda.

Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum

Kennarar ásamt stjórnendum virðast fyrst og fremst koma að samræðum um áherslur og forgangsröðun í innra mati og um þróun og umbætur í kjölfar þess. Aðrir starfsmenn, foreldrar og nemendur könnuðust ekki við að vera þátttakendur í þessu ferli og stjórnendur staðfestu það í viðtölum. Þegar aflað er gagna er almennt leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli. Þegar niðurstöður innra mats liggja fyrir virðast fyrst og fremst eiga sér stað umræður um úrbætur og þróun meðal kennara og stjórnenda.

Styrkleikar

- Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem í hlut eiga hverju sinni.

Tækifæri til umbóta

- Tryggja verður að allir aðilar skólasamfélagsins séu þátttakendur í umræðum um áherslur og forgangsröðun í innra mati skólans.
- Tryggja verður þátttöku allra hagsmunaaðila skólasamfélagsins í umræðum um þróun og úrbætur í kjölfar innra mats.

Umbótastarf í kjölfar innra mats

Innra mat er opinbert

Þær greinargerðir sem fyrir liggja um innra mat frá 2009 og 2011 eru skýrt fram settar og það sama má segja um umbótaáætlun sem fyrir liggur fyrir árin 2013-2016. Greinargerðirnar og umbótaáætlunin eru hins vegar ekki opinberar því þær er ekki að finna á heimasíðu skólans. Niðurstöður úr innra mati hafa í einhverjum tilvikum verið kynntar fyrir öllum hagsmunaaðilum skólasamfélagsins, eftir því sem fram kom hjá foreldrum og nemendum.

Styrkleikar

- Greinargerðir og umbótaáætlun eru skýrt fram settar.
- Hagsmunaaðilar hafa fengið kynningu á niðurstöðum innra mats.

Tækifæri til umbóta

- Birta þarf greinargerðir og umbótaáætlun á heimasíðu skólans og gera þær þar með opinberar.

Innra mat er umbótamiðað

Í þeim tveimur sjálfsmatsskýrslum sem fyrir liggja er í greiningu dregin fram styrkleikar og tækifæri til umbóta. Umbætur í umbótaáætlun virðast vera skilgreindar á grunni þessara greininga. Skólaráð hefur hins vegar ekki fjallað um sjálfsmatsskýrslur eða umbótaáætlun svo séð verði af fundargerðum. Umbótaáætlunin er tímasett að því leyti að verkefnum er deilt niður á skólaár, en ekki verður séð að henni sé fylgt eftir nú með skipulögðum hætti. Verkefni eru ekki ábyrgðarsett og ekki er tilgreint hvenær og hvernig árangur er metinn. Það vekur einnig athygli að viðmið um árangur umbóta eru ekki sett. Aðspurð gátu aðilar skólasamfélagsins nefnt umbætur sem orðið hafa í kjölfar innra mats, s.s. umbætur á skólahúsnæði og skólalóð.

Styrkleikar

- Kennarar og foreldrar geta nefnt dæmi um umbætur sem niðurstöður innra matsins hafa leitt til.
- Við greiningu niðurstaðna eru tækifæri til umbóta dregin fram.

Tækifæri til umbóta

- Hafa þarf formlegra samráð við skólaráð þegar umbætur eru skilgreindar.
- Umbótaáætlun þarf að fylgja kerfisbundið eftir.
- Umbótaáætlun þarf að vera tímasett, tryggja þarf að ábyrgð á verkefnum sé skilgreind og hvenær og hvernig árangur verður metinn.

Styrkleikar og tækifæri til umbóta

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram í skýrslunni en eru ekki nefnd hér.

Stjórnun

Stefna skólans er skýr og er birt á heimasíðu hans. Kennarar þekkja stefnu og einkunnarorð skólans og það gerir hluti foreldra einnig. Starfsmannasamtöl eru tekin við alla starfsmenn tvisvar á skólaári. Umbótaáætlun skólans fyrir árin 2013-2016 liggur fyrir og er hún jafnframt símenntunaráætlun. Þau verkefni sem tilgreind eru í áætluninni miða að því að efla kennara í starfi svo þeir geti mætt ólíkum þörfum og áhuga nemenda betur. Samstarf kennara einkennist í grunnin af jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti. Námið er skipulagt í heildstæðar námslotur sem veita tækifæri til að nemendur geti unnið saman að samþættum viðfangsefnum. Boðið er upp á fjölbreyttar valgreinar sem foreldrar eru ánægðir með. Skilgreining á jákvæðum skólabrag liggur fyrir og mótaðar hafa verið leiðir til að viðhalda honum. Verklagsreglur og viðbrögð við einelti eru til og virkar í skólanum. Samstarf við leikskólann eru regluleg og skráð.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt væri að skólastjórnendur færu reglulega í kennslustundir til að fylgjast með og meta gæði kennslunnar og veita kennurum markvissa endurgjöf.
- Kalla verður eftir upplýsingum úr sakaskrá þegar starfsmenn eru ráðnir að skólanum.
- Endurskoða þarf skipurit skólans svo það endurspegli gildandi fyrirkomulag stjórnunar í skólanum.
- Auka þarf þátttöku foreldra og nemenda með formlegum hætti í faglegri umræðu um skólastarfið.
- Fagleg forysta þarf að beinast í ríkari mæli að því að fylgja stefnu og samþykktum eftir þannig að þeirra sjái stað í öllum starfsháttum í skólanum.
- Umræður innan skólans um þróun skólastarfs þurfa að vera markvissari og árangursmiðaðri en nú er.
- Setja þarf fram skýra sýn á skólastarfið, hvaða markmiðum stefna skuli að, skilgreina árangurstengd og tímasett viðmið og tilgreina hvernig staðið verður að mati á árangri.
- Ljúka þarf við gerð skólanámskrár og starfsáætlunar með aðkomu allra hagsmunaaðila skóla-samfélagsins.
- Tryggja þarf að skóladagatal uppfylli ákvæði laga og reglugerða.
- Efla þarf samstarf heimila og skóla og formgera það þannig að það verði reglulegur þáttur í starfi skólans.
- Endurskoða þarf heimasíðu skólans þannig að hún þjóni betur hlutverki sínu sem upplýsingaveita fyrir skólann.

Nám og kennsla

Við skólann er stefnt að því að allir nemendur séu fullgildir þátttakendur í skólastarfinu án aðgreiningar. Leiðarljós skólans er að skólinn eigi að skapa góðar minningar. Margvísleg vinna hefur verið og er unnin til að stuðla að því. Vel hefur tekist til í ýmsum evrópskum samstarfsverkefnum. Leitast er við að afla árangur nemenda með lestrarátaki sem nær yfir allan skólann. Frammistaða nemenda í 4. bekk á samræmdum prófum er góð og þátttaka í 4. 7. og 10 er góð.

Nemendur á unglíngastigi hafa val og ákveðið frelsi og ábyrgð til að skipuleggja vinnu sína í skólanum. Nemendur fá áætlanir um námsyfirferð til ákveðins tíma. verið er að þróa val og ábyrgð hjá miðstigs-nemendum að hluta. Aðgengi að tölum er nokkuð gott. Umsjón og skipulag sérkennslu og stuðnings við nemendur er í höndum fagmenntaðs kennara. Skráð er hvaða skimanir og kannanir gerðar eru við skólann.

Tækifæri til umbóta

- Skólanámskrá á að uppfæra hvert skólaár með greinagóðum áætlunum um nám og kennslu í samræmi við gildandi aðalnámskrá.
- Kennarar þurfa að samræma framsetningu námsvísa og áætlana og gæta þess að grunnþáttum menntunar sé gerð skil í námi nemenda.
- Tryggja þarf að hlutfall valtíma á unglíngastigi sé að lágmarki 20% námstímans.
- Kjósa á fulltrúa nemenda lýðræðislega í skólaráð.
- Greina þarf hvað veldur slökum árangri á samræmdum könnunarprófum og setja fram markvissa áætlun um viðbrögð.
- Vinna þarf heimanámsstefnu skólans í samvinnu við foreldra og nemendur.
- Kynna öllum hlutaðeigandi notkun á Mentor- kerfi.
- Samræma upplýsingagjöf frá kennurum og skóla til foreldra og nemenda.
- Skoða betur nýtingu námstímans hjá unglíngadeild.
- Efla ætti samræður og samstarf nemenda um nám.
- Laga nám frekar að áhuga og árangri nemenda.
- Huga þarf að því að allir nemendur krefjandi verkefni við hæfi.
- Auka þátttöku nemenda við að setja sér markmið og meta eigin árangur í námi.
- Huga þarf betur að námi nemenda með annað móðurmál en íslensku.
- Hafa nemendur með í gerð og endurskoðun einstaklingsnámskrár þegar við á.
- Skrá hvernig skuli bregðast við niðurstöðum skimana og kannana.

Innra mat

Mat á námsárangri og framförum nemenda fer fram með reglubundnum hætti. Verið er að nota niðurstöður samræmdra prófa til að fylgjast með og meta árangur í læsi. Þegar aflað hefur verið gagna hefur almennt verið leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli. Þær greinargerðir sem fyrir liggja um innra mat frá árunum 2009 og 2011 eru skýrt fram settar og það sama má segja um umbótaáætlun sem fyrir liggur fyrir árin 2013-2016. Niðurstöður innra mats hafa verið kynntar öllum hagsmunaaðilum. Aðilar skólasamfélagsins nefndu umbætur sem orðið hafa í kjölfar innra mats.

Tækifæri til umbóta

- Vinna þarf langtíma áætlun um innra mat sem endurspeglar að helstu þættir skólstarfsins verði metnir.
- Skipuleggja þarf framkvæmd innra matsins og hverjir muni bera ábyrgð á því hverju sinni.
- Reglulega þarf að fara fram mat á kennslu og fagmennsku kennara, t.d. með mati skólastjóra og jafningjamati kennara.
- Gera þarf grein fyrir því hvernig markmið skólans verða metin.
- Skilgreina þarf árangursviðmið með hverju markmiði.
- Tryggja verður að allir aðilar skólasamfélagsins séu þátttakendur í umræðum um áherslur og forgangsröðun í innra mati skólans.
- Umbótaáætlun þarf að fylgja kerfisbundið eftir.
- Umbótaáætlun þarf að vera tímasett, tryggja þarf að ábyrgð á verkefnum sé skilgreind og hvenær og hvernig árangur verður metinn.

Frekari greining

Tafla 1 sýnir niðurstöður á þeim þáttum sem til skoðunar voru í ytra mati.

Litirnir sem notaður er í töflunni standa fyrir eftirfarandi kvarða:

- D → 1,0 – 1,5 = rautt – mikil umbótaþörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
- C → 1,6 – 2,5 = gult – fleiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.
- B → 2,6 – 3,5 = ljósgrænt - fleiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
- A → 3,6 – 4 = grænt – flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Stjórnun			Nám og kennsla			Innra mat	
Fagleg forysta	Stefnumótun og skipulag	Samskipti heimila og skóla	Nám og námsaðstæður	Þáttt. og ábyrgð nemenda	Námsaðlögun	Framkvæmd innra mats	Umbóta- starf í kjölfar innra mats
Stjórnandinn sem leiðtogi	Starfs áætlun og skólanámskrá	Skólaráð, foreldrafélag	Inntak og árangur	Lýðræðisleg vinnubrögð	Nám við hæfi allra nemenda	Kerfisbundið og sam- ofið daglegu skólastarfi	Opinbert
Stjórnun stofnunar	Skóladagur nemenda	Þáttt. foreldra í skólastarfi og upp- lýsingamiðlun	Skipulag náms og námsum- hverfi	Ábyrgð og þátttaka	Stuðningur við nám	Markmiðs- bundið	Umbóta- miðað
Faglegt samstarf	Verklags- reglur og áætlanir		Kennslu- hættir og gæði kennslu			Byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum	
Skólaþróun			Námshættir og námsvitund			Samstarfsm. og byggir á lýðræðisl. vinnubr.	

Tafla 1. Styrkleikar og veikleikar matsþátta


Greining kennslustunda

Kennslustundirnar 22 sem matsmenn mátu falla flestar undir skilgreininguna góðar eða að þar má bæta ákveðin atriði. Ein kennslustund var metin óviðunandi og engin kennslustund var metin frábær.

Samvinna og einstaklingsvinna

Við skráningu á kennslustundum er litið til þess hvort nám nemenda sé markvisst skipulagt á þann hátt að nemendur vinni einir við hvers kyns verkefni eða hvort um samvinnu eða samræður um námið sé að ræða.

Mynd 4 Yfirlit yfir samvinnu og einstaklingsvinnu nemenda í metnum kennslustundum.



Nemendur unnu einir í 77% af þeim 22 kennslustundum sem metnar voru.

Notkun upplýsingatækni

Nemendur eða hluti nemenda nýttu upplýsingatækni í þremur kennslustundum af 22 sem matsmenn heimsóttu.

Kennarar nýttu upplýsingatækni að einhverju marki til kennslu í þremur af þessum stundum.

Kennsluathafnir

Kennsluáherslur kennara eru greindar í það sem kalla má fræðandi, leiðbeinandi eða blöndu af hvoru tveggja. Fræðandi athafnir tengjast því sem kallað er bein yfirfærsla og leiðbeinandi kennsluathafnir eru oft tengd hugtakinu hugsmíðahyggju eins og gert er í Hvítbók um umbætur í menntun.

Fræðari - bein kennsla


Kennarinn er fyrst og fremst að miðla efni, staðreyndum og hugtökum. Kennsluathafnir eru að útskýra, sýna og spyrja. Ef spurt er, þá eru það spurningar sem kalla oftast á eitt rétt svar. Vinna við verkefni og vinnubækur mótast af því að taka á móti staðreyndum og setja þær fram á ákveðinn hátt, ein þekkt lausn. Námsfernið er í forgrunni.

Leiðbeinandi - hugsmíðahyggja

Kennarinn stýrir framvindu kennslustunda en leggur áherslu á krefjandi spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhugsun nemenda (lýsa, leggja mat á, bera saman, draga ályktanir og/eða setja fram tilgátur), eða opin/skapandi viðfangsefni þar sem hægt er að velja úr nokkrum þekktum lausnum, eða leggur áherslu á frumkvæði og ábyrgð nemenda með skipulagi á námsathöfnum þar sem engin lausn er fyrirfram þekkt. Áhersla er á námsferlið sem leið (og leiðir) til náms frekar en námsefnið einvörðungu.

Nemandinn er í forgrunni og hann er virkur í að athuga, rannsaka og draga ályktanir. Áhugi nemenda og forvitni er drifjöður námsathafna. Kennarinn skapar námsaðstæður og tækifæri nemenda til þátttöku, hann sér um að bjargir séu til staðar og veitir endurgjöf meðan á námi stendur.

Mynd 5 Yfirlit yfir kennsluathafnir í metnum kennslustundum.




Í yfir 90% kennslustunda voru kennsluathafnir kennara fræðandi, sem einkennast af beinni yfirfærslu.


Hópastærð, fjöldi nemenda á kennara

Skráð var hve margir nemendur voru á hvern menntaðan kennara í hverri metinni kennslustund. Y-ás myndarinnar sýnir fjölda nemenda og x-ás hverja metna kennslustund.

Mynd 6 Fjöldi nemenda á menntaðan kennara í metnum kennslustundum.



Mynd 7 Fjöldi nemenda, kennara og stuðningsfulltrúa í metnum kennslustundum.



Matsblað kennslustundar		Vettvangsathugun í kennslustund
Bekkur:	Dags./vikud.:	Kl.(upphaf og lok):
Námsgrein:	Fjöldi nemenda í stundinni:	Nám byggir á: Samvinnu nemenda / Einstaklingsvinnu/Blanda
Kennari/ar:	Fjöldi nemenda í sérúrræði utan stofu:	Nota nemendur UT við nám: J/N
Aðrir fullorðnir, fjöldi:	Kennsluáherslur: Fræðandi/Leiðbeinandi/Blanda	Nota kennarar UT við kennslu: J/N
Matsþáttur:	Vísbendingar:	
Skipulag í skólastofunni/kennsluaðstæður:	Námsgögn og umhverfi styðja við nám og kennslu allra nemenda.	
Framvinda kennslustundarinnar:	Kennslustundin er vel skipulögð, vel uppbyggð og tíminn vel nýttur.	
Markmið, mat og endurgjöf:	Kennslan byggir á faglegri þekkingu kennara. Markmið stundarinnar eru skýrt sett fram og kynnt nemendum. Viðmið um árangur eru sýnileg. Endurgjöf er leiðbeinandi, regluleg, markviss og leiðir til framfara. Námsmat er fjölbreytt. Nemendur þjálfast í sjálfsmati og taka þátt í að meta eigin árangur.	
Samskipti og samstarf:	Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda. Samskipti eru jákvæð og einkennast af virðingu. Nemendur koma vel fram og taka tillit til annarra. Samvinna og samstarf er markvisst þjálfað og notað.	
Kennsluaðferðir og vinnutilhögun:	Kennsla er skipulögð þannig að hún hæfi öllum nemendum. Nemendur hafa val um verkefni og verkefni eru krefjandi. Verkefni eru heildstæð og samþætt. Allir nemendur taka virkan þátt. Kennsluhættir og vinnubrögð eru fjölbreytt og hæfa verkefnum. Nemendur þjálfast í að vinna sjálfstætt, í samvinnu og að beita fjölbreyttum námsaðferðum. Nemendum er kennt að setja sér eigin markmið í námi. Nemendur nýta mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar og leikni, m.a. upplýsinga- og samskiptatækni. Nemendur fá þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.	
Námsaðlögun:	Kennsla er löguð að mati á stöðu nemenda. Verkefni eru krefjandi og í samræmi við námsmarkmið hvers og eins. Nám nemenda tekur mið af áhuga þeirra og hæfileikum. Nemendahópar vinna að mismunandi verkefnum með fjölbreyttum aðferðum. Nemendur geta valið sér námsaðferðir eftir viðfangsefni eða eigin námsstíl.	
Grunnþættir menntunar:	Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun; eru þessir þættir sýnilegir í stundinni?	
Tvö atriði sem tókust vel eða voru vel gerð í stundinni og eitt sem má bæta.		

Heimildir

Aðalnámskrá grunnskóla: almennur hluti. (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Aðalnámskrá grunnskóla: greinasvið. (2013). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Álit, að því er tekur til skiptingar skóladaga í grunnskólum milli kennsludaga og annarra skóladaga. (án árs). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Slóðin er: <http://www.menntamalaraduneyti.is/verkefni/urskurdir-og-alit/alit/grunnskolar/nr/6780>

Bolungarvíkurkaupstaður. Heimasíða. Slóðin er: <http://www.bolungarvik.is>

Björk Ólafsdóttir. (2011). *Innra mat grunnskóla: leiðbeiningar og viðmið fyrir mat sveitarfélags á innra mati grunnskóla.* Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Grunnskóli Bolungarvíkur. Heimasíða. Slóðin er: http://skolatorg.is/kerfi/grsk_bolungarvikur/skoli

Hrönn Pétursdóttir. (2007). *Sameiginleg framtíðarsýn fyrir grunnskólastarfið 2007-2020.* Reykjavík: Félag grunnskólakennara, Samband íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélag Íslands.

Hvítbók um umbætur í menntun. (2014). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Lög um grunnskóla, nr. 91/2008.

Reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum. Slóðin er: www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/584-2010

Reglugerð nr. 585/2010 um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla. Slóðin er: www.menntamalaraduneyti.is/frettir/allar-rettarheimildir/nr/5540

Reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Slóðin er: www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/6347

Reglugerð nr. 1157/2008 um skólaráð við grunnskóla. Slóðin er: www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/1157-2008

Gögn um samræmd próf unnin úr gagnagrunni Námsmatsstofnunar.

